



Grunnskóli Raufarhafnar

Ársskýrsla 2019-2020

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Formáli.....	4
1 Skólastarfið	5
Almennt	5
Aðstaða og aðbúnaður.....	5
Önnur starfsemi í skólahúsnæðinu	7
Nemendasamsetning.....	7
Stjórnun	7
2 Tölulegar upplýsingar	8
Nemendaþróun.....	8
Fjöldi nemendastunda.....	9
Fjöldi í mötuneyti	9
Fjöldi í vistun eftir skóla	10
Fjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheitum.....	10
Fjármagn til skólans	12
3 Starfsfólk.....	13
Breytingar á starfsmannahaldi.....	13
Aðstaða	14
Menntun starfsfólks	14
4 Nemendur	15
Nemendalisti	15
Umsjónarhópar og umsjónarkennarar	15
Frímínútur og aðstaða nemenda.....	16
Félagslíf.....	16
5 Skólastarfið	16
Skóladagatal	16
Stundatöflur.....	17
Samstarf við Öxarfjarðarskóla.....	17
Starfsáætlun	19
Uppbrot í skólastarfinu	19
Skólasetning	19
Göngum í skólann	19

Ábyrgðarstörf	20
Grænn dagur haustsins	21
Listafólk í heimsókn	21
1. des hátíðin	21
Jólaþema	22
Bolludagur – Öskudagur	22
Covid-19	22
Grænn dagur vorsins	23
Skólaslit	23
Aðrar upptakomur	24
Dillidagur	24
Skólaferðir	24
Skólaþróunarverkefni	25
Byrjendalæsi	25
Grænfáninn	26
Kennsluhættir og námsmat	26
Heimanám	26
Fjarnám	27
6 Skólasel	27
Gæsla	27
7 Mötuneyti	28
Mötuneyti	28
8 Stjórnir og ráð	28
Skólaráð	28
Foreldrafélagið Velvakandi	29
Nemendaráð	29
Nemendaverndarráð	29
9 Skýrsla um innra mat	30
10 Foreldrar og skólastarfið	34
11 Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	34
Heimsóknir	34
Námsráðgjöf	34
Heilsugæsla	35

12	Heimasíða skólans.....	35
----	------------------------	----

Formáli

Markmið með útgáfunni er að gera grein fyrir því starfi sem fram fer í grunnskólanum, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Ársskýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefur lesendum innsýn í starfið og gera hana líflegri.

Skýrslunni er dreift til Fjölskylduráðs, skólapjónustunnar, stjórnar foreldrafélagsins og skólaráðs auk þess sem hún mun liggja fyrir á kaffistofu starfsmanna og vera aðgengileg á heimasíðu skólans, <http://grunnskoli.raufarhofn.is>

Skólastjóri sér um gerð skýrslunnar.

Grunnskóli Raufarhafnar, júní 2020
Hrund Ásgeirsdóttir, skólastjóri

1 Skólastarfið

Almennt

Grunnskóli Raufarhafnar er heildstæður samrekin grunn- og leikskóli og starfar samkvæmt lögum um grunn- og leikskóla. Hann stendur við Skólabraut í stóru og reisulegu húsnaði sem tekið var í notkun hinn 3. nóvember 1964. Rekja má sögu skólans aftur til 1946 þegar Barnaskóli Raufarhafnar og Unglingaskóli Raufarhafnar voru sameinaðir, en skólahald á staðnum má rekja allt aftur til ársins 1910.

Yfirstjórn Grunnskóla Raufarhafnar og Leikskólans Krílabæjar var sameinuð haustið 2009 og í mars 2010 fluttist starfsemi leikskólans í húsnaði grunnskólans.

Tónlistarskóli Raufarhafnar, sem stofnaður var árið 1947, hefur einnig aðsetur í húsnaði skólans en þó hefur engin starfsemi verið á hans vegum í vetur, en hann varð deild innan Tónlistarskóla Húsavíkur árið 2011. Frá haustinu 2010 hefur Félagsmiðstöðin Blik haft aðstöðu í skólanum en engin starfsemi var á vegum hennar í vetur. Bókasafn er einnig staðsett í skólahúsnaðinu, aðstaða á vegum þekkingarnets Þingeyinga og sömuleiðis aðstaða á vegum Rífs rannsóknarstöðvar, sjá nánar í kaflanum „Aukin starfsemi í skólahúsnaðinu“.

Grunnskóli Raufarhafnar starfar í anda uppeldisstefnunnar „Jákvæður agi“. Í stuttu máli má segja að sú hugmyndafræði gangi út á það að frumforsenda þess að nemendur geti lært sé sú að þeim séu skapaðar aðstæður þar sem þeim líður vel.

Þann 1. júní 2011 lauk skólinn skrefunum sjö sem skóli á grænni grein og fékk því Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið.

Aðstaða og aðbúnaður

Skólinn er á tveimur hæðum, auk kjallara undir austurenda hússins. Í kjallaranum er skólamötuneytið og heimilisfræðiaðstaða, þvottaherbergi, lítil snyrting og geymsla. Á neðri hæð hússins er leikskóladeildin *Krílabær* og kennslustofa sem nú hýsir Bókasafn Raufarhafnar en það flutti í skólahúsið haustið 2016. Þar er einnig fjölnota salur, aðstaða tónlistarskólans, samverukrúkur, taflborð, fatahengi, salerni nemenda og ræstikompa. Í salnum hefur þekkingarnet Þingeyinga nú aðstöðu með þremur „básum“ sem fjarnemar geta nýtt sem vinnuaðstöðu og einnig er sjónvarp sem hægt er að tengja við tölvu og nýta sem fjarfundarbúnað. Á efri hæð hússins eru heimastofur yngri og eldri nemenda, listgreinastofa, samverukrúkur, taflborð, borðtennisborð, félagsmiðstöðin Blik (sem ekki hefur verið

starfandi í ár) og kennaraálma sem skiptist í kaffistofu, skrifstofu skólastjóra, ræstikompu, salerni starfsfólks, bókakompu, fatahengi og vinnuherbergi kennara. Við skólann stendur íþróttamiðstöð staðarins þar sem er fjölnota íþróttasalur og innisundlaug. Í kjallara íþróttahússins er jafnframt smíðastofa og þar er einnig leirbrennsluofn.

Náttúrugripasafn er staðsett á gangi neðri hæðar skólans og á safnið töluvert af gripum sem einstaklingar hafa gefið. Gripirnir hafa verið notaðir í kennslu en eru einnig ætlaðir til að vekja áhuga nemenda á náttúrunni í kringum okkur. Fleiri gripir er að sjálfsögðu vel þegnir í skólann. Bókakostur skólans er á gangi á neðri og efri hæð og í geymslu á efri hæð. Einnig er töluvert af bókum í heimastofum. Nemendum er frjálst að fá lánaðar bækur úr skólanum, en þurfa þó að láta starfsmann, t.d. umsjónarkennara vita. Einnig hafa nemendur aðgang að Bókasafni Raufarhafnar.

Aðkallandi viðhald er á húsnæði skólans og nægir þar að nefna norðurvegginn sem er mikið áveðurs. Í miklum rigningum flæðir inn um gluggana og gangarnir þá á floti. Þá lekur inn um glugga í kennslustofum og einnig á skrifstofu skólastjóra í rigningu. Veggirnir innanhúss eru illa farnir og ekki þýðir að mála lengur yfir þá þar sem sprungur og raki eru áberandi. Afar brýnt er að klæða norðurvegginn til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Í skólanum eru 13 fartölvur sem nemendur hafa aðgang að. Af þeim eru 10 sem keyptar voru haustið 2010 og eru úr sér gengnar. Haustið 2019 voru keyptar 3 nýjar fartölvur. Þær er hægt að nota hvar sem er í skólanum, enda alls staðar hægt að tengjast þráðlausu neti skólans. Þá eru 12 iPad spjaldtölvur sem gagnast nemendum og kennurum í námi og starfi.

Skólalóðin er nokkuð vel búin.

Við suðurhlið skólans eru leiktæki sem öll voru endurnýjuð sumarið 2005. Þar má m.a. finna rólur, vegasalt, klifurgrind, aparólu og körfuboltavöll. Ætli megi ekki



fullyrða að aparólan og klifurgrindin njóti hvað mestra vinsælda hjá nemendum. Við norðurhlið skólans er hins vegar að finna ósnortna náttúru þar sem börnin leika sér ekki síður, t.d. við berjatínslu á haustin og að leita að hreiðrum á vorin. Við austurenda skólans var sumarið 2010 gerð afmörkuð lóð fyrir leikskóladeildina. Þar má m.a. finna rólur, vegasalt, leikkastala og sandkassa. Við norðurenda skólans, á skólatúninu, er nýlegur sparkvöllur sem nýtist nemendum skólans. Sumarið 2018 voru leiktæki á

skólalóð yfirfarin af starfsmönnum áhaldahúss og er óhætt að segja að þau nýtist vel og séu öll vel úr garði gerð.

Önnur starfsemi í skólahúsnæðinu

Bókasafnið var flutt í skólahúsnæðið haustið 2016 og bætir það aðgengi skólabarna að safninu og til stendur að útbúa leskrók þar sem börn á öllum aldri geta komið og skoðað og lesið bækur og blöð í notalegu umhverfi.

Þekkingarsetur Þingeyinga flutti einnig aðstöðu sína í skólann og er þar nú aðstaða fyrir námsfólk til að sinna námi sínu utan erils heimilisins.

Ríf rannsóknarstöð hefur sett upp rannsóknaraðstöðu í listgreinastofu á efri hæð. Sú aðstaða mun verða nýtt aðallega yfir sumartímann en kennslustofan verður áfram nýtt á skólatíma.

Nemendasamsetning

Síðastliðið haust hófu alls 7 nemendur nám í tveimur námshópum; 1. – 5. bekk, alls 5 nemendur og 9. – 10. bekk alls 2 nemendur. Í október var unglingunum komið fyrir í nágrannaskólum vegna félagslegra aðstæðna sem varð til þess að einungis 5 nemendur stunduðu nám við skólann í vetur. Þar að auki var eitt barn á leikskólaaldri þannig að ekki var um að ræða að hafa leikskólann opinn í vetur. Barnið fékk inni í leikskólanum Krílakoti á Kópaskeri tvisvar í viku auk þess að fá gæslu innan skólans hina dagana frá kl. 13:10 – 16:00.

Stjórnun

Skólastjóri Grunnskóla Raufarhafnar ber ábyrgð á starfi skólans. Hann sinnir jafnframt kennslu og afleysingum. Skólastjóri er Hrund Ásgeirsdóttir og staðgengill hennar er Olga Friðriksdóttir.

2 Tölulegar upplýsingar

Nemendapróun

Á myndinni hér að neðan má sjá nemendapróun í Grunnskóla Raufarhafnar, grunnskóla- og leikskóladeild, síðustu fimm ár. Settar voru inn tölur um fjölda nemenda í upphafi skólaárs og þegar skóla var slitið. Þær tölur gefa betri mynd heldur en þær tölur sem skólinn gefur upp til Hagstofu Íslands árlega, en þær miða við nemendafjölda 1. október ár hvert.

	2015- 2016 Haust	2015- 2016 Vor	2016- 2017 Haust	2016- 2017 Vor	2017- 2018 Haust	2017- 2018 Vor	2018- 2019 Haust	2019- 2020 Haust	2019- 2020 Vor
Leikskóli	8	8	5	5	5	7	5	0	0
Grunnskóli	9	6	10	9	13	14	11	7	5
<i>Heildarfjöldi</i>	<i>17</i>	<i>14</i>	<i>15</i>	<i>14</i>	<i>18</i>	<i>21</i>	<i>16</i>	<i>7</i>	<i>5</i>

Eins og sjá má, hefur nemendum fækkað talsvert, sérstaklega á leikskólaaldri. Þar að auki hefur grunnskólanemendum fækkað töluvert og í fyrsta skipti í mörg á er einungis eitt stig, þ.e. yngsta stig.

Fjöldi nemendastunda

Í meðfylgjandi töflu má sjá mínútufjölda og fjölda kennslustunda sem hver árgangur hefur fengið síðustu fjögur ár.

Viðmið skv. aðalnámsskrá er 1.200 mínútur á viku fyrir 1. -4. bekk eða 30 kennslustundir, 1.400 mínútur fyrir 5. – 7. bekk eða 35 kennslustundir og 1.480 mínútur fyrir 8. – 10. bekk eða 37 kennslustundir

2015-2016		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1. - 4. bekkur	1260	31,5
5.- 6. bekkur	1420	35,5
Samtals	2600	67

2016-2017		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1. - 3. bekkur	1220	30,5
6. – 9. bekkur	1400	35,5
Samtals	2600	67

2017-2018		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1. - 3. bekkur	1220	30
6. – 10. bekkur	1480	37
Samtals	2680	67

2018-2019		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1. - 3. bekkur	1200	30,5
7. – 9. bekkur	1500	37,5
Samtals	2700	68

2019-2020		
	Mínútur á viku	Kennslustundir á viku
1.-5. bekkur	1220	30
Samtals	1220	30

Fjöldi í mötuneyti

Allir nemendur fá morgunverð og hádegisverð í skólanum alla daga sem þau nýta sér. Starfsfólk skólans nýtir sér einnig mötuneytið.

Fjöldi í vistun eftir skóla

Þar sem ekki var hægt að halda úti leikskólastarfi vegna þess að einungis eitt barn var á leikskólaaldri þennan veturinn, var ákveðið að bjóða upp á gæslu fyrir leikskólabarnið auk þess sem öðrum nemendum stóð það einnig til boða. Einungis eitt grunnskólabarn nýtti sér þessa þjónustu í vetur.

Fjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheitum

Starfsmenn Grunnskóla Raufarhafnar eru 4 í vetur. Af þeim eru tveir sem sjá um kennslu í grunnskóla; þ.e. umsjónarkennari yngri deildar og skólastjóri. Matráður sér auk matreiðslu einnig um þrif og gæslu ásamt fjórða starfsmanninum sem hefur einnig umsjón með gæslu og öðrum tilfallandi verkefnum, s.s. forföllum. Skólastjóri sér um íþróttakennslu einu sinni í viku og handmennt auk þess að fylgja nemendum eftir þegar farið er í Öxarfjarðarskóla á þriðjudögum. Nánari útlistun á fjölda stöðugilda og starfsmanna eftir starfsheitum síðustu þrjú ár má sjá í töflunum hér að neðan.

Grunnskóli Raufarhafnar

Virðing – Gleði – Ábyrgð - Sveigjanleiki

2018-2019		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Skólastjóri	1	100
Stundakennarar (íþr./sund/smíðar)	1	46
Umsjónarkennari eldri nemenda	1	60
Umsjónarkennari yngri nemenda	1	100
Leiðbeinendur í leikskóla	2	200
Matráður/heimilisfr.	1	67
Skólaliði	1	25
Ræstingar	1	25
Samtals	9	623
2019-2020 (fyrir áramót)		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Skólastjóri	1	100
Umsjónarkennari yngri nem.	1	100
Umsjónarkennari eldri nem.	1	40
Kennari eldri nemenda	1	44
Matráður/heimilisfr.	1	100
Skólaliði / ræstingar	1	25
Samtals	6	409
2019-2020 (eftir áramót)		
Starfsheiti	Fjöldi starfsmanna	Samtals stöðuhlutfall %
Skólastjóri	1	100
Umsjónarkennari yngri nem	1	100
Matráður/gæsla/þrif	1	100
Skólaliði – gæsla/forföll	1	25
Samtals	4	325

Fjármagn til skólans

Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlaðan heildarkostnað og rauntölur við rekstur Grunnskóla Raufarhafnar síðustu 5 ára. Haustið 2019 var farið fram á niðurskurð í rekstri grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu. Þannig var Grunnskóla Raufarhafnar gert að skera niður sinn ramma um 6.000.000.

	Áætlun	Rauntölur	Mismunur í kr.
Fjárhagsáætlun 2015	39.111.703	40.249.819	-1.138.116
Fjárhagsáætlun 2016	43.641.651	42.691.641	950.010
Fjárhagsáætlun 2017	47.000.000	51.774.898	-4.774.898
Fjárhagsáætlun 2018	56.000.000	56.788.644	-788.644
Fjárhagsáætlun 2019	61.517.864	61.798.789	-280.925
Fjárhagsáætlun 2020 m/ viðauka v/ fjölgunar nem.	64.418.274		

3 Starfsfólk

Skólaárið 2019-2020 voru eftirfarandi starfsmenn við skólann:

Hrund Ásgeirsdóttir	Skólastjóri
Olga Friðriksdóttir	Umsjónarkennari yngri deildar / staðgengill skólastjóra
María Peters Sveinsdóttir	Umsjónarkennari eldri deildar fram í október 2019
Björk Pálmadóttir	kennari á unglingastigi fram í október 2019
Erla Rut Þorsteinsdóttir	Matráður / gæsla / þrif
Sigrún Björnsdóttir	Gæsla / forföll

Aðrir sem komu að starfi skólans voru:

Ingibjörg Sigurjónsdóttir	Sálfræðingur hjá skólaþjónustu Norðurþings
Árný Yrsa Gissurardóttir	Félagsráðgjafi hjá skólaþjónustu Norðurþings
Sólveig Mikaelisdóttir	Kennsluráðgjafi hjá skólaþjónustu Norðurþings
Ragnhildur Þorgeirsdóttir	Hjúkrunarfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Breytingar á starfsmannahaldi


Í haust 2019 var nýr skólastjóri ráðinn í stað Magnúsar Matthíassonar sem hafði gegnt stöðu skólastjóra skólaárið 2018-2019. Þá var Björk Pálmadóttir kennari á vegum Tröppu skólaþjónustu ráðin í 44% starf við stærðfræði og enskukennslu auk upplýsingatækni á unglingastigi. María Peters Sveinsdóttir var umsjónarkennari unglingastigs og sá um samþætta íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræðikennslu auk skólastjóra. Í lok október varð sú breyting á skólahaldi að þeir tveir nemendur sem voru á unglingastigi, voru færðir í aðra skóla vegna félagslegra aðstæðna. Það varð til þess að Björk og Maríu var sagt upp störfum frá og með 1. nóvember þannig að einungis var einn starfandi kennari í fullu starfi við yngsta stig skólans, Olga Friðriksdóttir. Gísli Briem gaf ekki lengur kost á sér til íþrótta- og smíðakennslu þannig að þeirri kennslu er sinnt í Öxarfjarðarskóla á þriðjudögum. Tara Líf Sighvatsdóttir sem verið hafði starfsmaður leikskóla ásamt Erlu Rut Þorsteinsdóttur sagði upp störfum þar sem enginn leikskóli er rekinn í vetur. Henni hafði þó verið boðin hálf staða á móti Erlu Rut við ýmis störf. Anna Romanska sem gegnt hafði stöðu matráðs sagði einnig upp störfum við skólann.

Aðstaða

Í vesturenda á efri hæð skólans er að finna vinnuherbergi kennara. Þar hefur hver kennari fyrir sitt vinnuborð og aðstöðu til að geyma möppur og önnur skjöl. Þar eru jafnframt prentarar, ljósritunarvél og skanni, salernisaðstaða starfsfólks og kaffistofa.

Menntun starfsfólks

Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit um menntun starfsfólks síðustu þrjú skólaár eftir hæstu prófgráðu. Starfsfólki er jafnframt skipt í fjóra flokka eftir því við hvað þeir starfa. Flokkarnir eru starfsfólk í grunnskóla, starfsfólk í leikskóla, annað starfsfólk og skólastjórnandi.



4 Nemendur

Þegar skólinn var settur þann 30. ágúst í haust voru 7 nemendur skráðir við skólann, 2 í unglingadeild og 5 í yngri deild. Þar sem einungis eitt barn er á leikskólaaldri á Raufarhöfn var boðið upp á gæslu eftir að skóla lýkur frá kl. 13:10 – 16:00. Í október voru nemendurnir tveir úr unglingadeild fluttir í aðra skóla vegna félagslegra aðstæðna og var heildarfjöldi nemenda í lok skólaárs því 5.

Nemendalisti

Krítlabær

Ekkert barn

Grunnskóli

1.bekkur	Viktoria Mikulova	Fædd 2013	
2.bekkur	Sigrún Helga Gunnarsdóttir	Fædd 2012	
3. bekkur	Höskuldur Breki Steinþórsson	Fæddur 2012	
4. bekkur	Björn Grétar Ríkharðsson	Fæddur 2010	
5. bekkur	Alex Vladár Mikulova	Fæddur 2009	
9. bekkur	Auðunn Elí Steinþórsson	Fæddur 2005	hætti í okt. 2019 – fór í Grunnskóla Þórshafnar
10. bekkur	Guðni Sæmundsson	Fæddur 2004	hætti í okt 2019 – fór í Öxarfjarðarskóla

Umsjónarhópar og umsjónarkennarar

Nemendur voru í tveimur námshópum til að byrja með;

1. – 5. bekkur Umsjónarkennari var Olga Friðriksdóttir

9. - 10. bekkur Umsjónarkennari var María Peters Sveinsdóttir

Olga Friðriksdóttir kenndi alla bóklega kennslu hjá yngri hóp.

María kenndi ásamt skólastjóra samþætta íslensku, samfélagsfræði og náttúrfræði ásamt lífsleikni hjá eldri nemendum. Björk Pálmadóttir sá um ensku, stærðfræði og upplýsingatækni.

Nemendur fengu svo kennslu í smíðum, tónlist og íþróttum í Lundi einu sinni í viku. Hrund fylgdi nemendum í Lund og aðstoðaði við kennslu.

Frímínútur og aðstaða nemenda

Nemendur grunnskólans fara út í frímínútum þegar veður leyfir. Þegar veður er slæmt, er aðstaða innandyra notuð.

Aðstaða fyrir nemendur í skólanum er góð. Á efri hæð skólans eru þrír sófar þar sem nemendur geta slakað á í frímínútum. Nemendur hafa aðgang að félagsmiðstöðinni í frímínútum og öðrum lausum stundum. Þar er m.a. að finna þyðhokkíborð, fótboldaborð og fjölmörg spil og púsl. Á ganginum á efri hæðinni er borðtennisborð, veglegt taflborð og fjöldi bóka og tímarita fyrir nemendur að glugga í. Á efri hæðinni er jafnframt örbylgjuofn og samlokugrill fyrir nemendur.

Í anddyri skólans er rúmgott fatahengi, sófi, stólar og ísskápur.

Nemendum stendur jafnframt til boða ýmis leikföng til að fara með út í frímínútur; boltar, sippubönd, snú-snú band, krítar, boltar o.fl. Útiaðstöðunni hefur þegar verið lýst (1. Skólastarfið>Aðstaða og aðbúnaður).

Félagslíf

Því miður fékkst enginn starfsmaður til að sinna félagsmiðstöð í vetur. Þar sem nemendur á unglingastigi fóru annað, voru einungis 5 nemendur á yngsta stigi eftir en Austri sá um að ráða starfsmann til að sjá um íþróttir og leiki tvisvar í viku fyrir nemendurnar á haustönn.

5 Skólastarfið

Skóladagatal

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga skóladagar nemenda að vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Þar af skulu fullir kennsludagar vera 170 að lágmarki auk þess sem nemendadagar mega vera að hámarki 10. Nemendadagar eru óhefðbundnir dagar og geta verið styttri en venjulegir skóladagar. Skóladagatal ársins var samþykkt af starfsmönnum, skólaráði og fjölskylduráði Norðurþings.

Á haustönn voru 7 starfsdagar utan starfstíma nemenda og 3 starfsdagar á starfstíma nemenda. Einnig var tekið vetrarfrí í október í tvo daga. Nemendadagar voru 7 (skólasetning, skólaslit, skólaferðalag,

dillidagur og 2x foreldravíðtöl. Þar af voru þrír dagar tvöfaldir dagar; skólaferðalag, Fullveldisdagurinn og litlu jólin. Fullveldisdeginum eða aðventuhátíðinni auk litlu jóla var aflýst vegna aftakaveðurs og langvarandi rafmagnsleysis í desember.

Á vorönn var 1 starfsdagur á starfstíma nemenda og 4 utan starfstíma nemenda. Á vorönn voru 3 nemendadagar (dillidagur, árshátíðarsýning og skólaslit) og 80 kennsludagar. Þar af voru árshátíðarsýningin sem átti að vera og dillidagur tvöfaldir dagar.

Samtals voru því 10 nemendadagar á árinu og 170 kennsludagar og skóladagar nemenda því alls 180.

Stundatöflur

Nemendur fengu stundatöflur afhentar á skólaopningu þann 30. ágúst. Skólahald hefst kl. 8:10 á morgnana og lýkur kl. 13:10 alla daga nema þriðjudegi þegar farið er í Öxarfjarðarskóla en þá lýkur skóla kl. 14:40. Hver kennslulota er 60 mínútur. Stundaskrár breyttust svo í mars eftir að vikulegar ferðir í Lund hættu tímabundið vegna Covid-19.

Samstarf við Öxarfjarðarskóla

Í haust var ákveðið að farið yrði tvisvar í viku í Lund á sundnámskeið, þ.e. miðvikudaga og fimmtudaga þar sem enginn íþróttakennari fékkst til starfa á Raufarhöfn. Á unglingastigi var skipulagt samstarf með samþættingu námsgreina í huga, þ.e. íslensku samfélags- og náttúrufræði auk lífsleikni. Yngsta stig skólanna vann saman að verkefnum tengdum byrjendalæsi o.fl. Eftir að sundúthaldi lauk, var áframhaldið með samstarf yngsta stigs en þá á þriðjudögum þar sem nemendur tóku þátt í samsöng, fengu tónmennta- og tónlistarkennslu, auk íþróttar og smíða. Ákveðið hefur verið að halda áfram samstarfi á næsta skólaári og þá með svipuðu sniði og var þetta skólaár. Hins vegar verður skoðað hvort hægt verður að koma því við að nemendur Öxarfjarðarskóla komi einu sinni í viku til Raufarhafnar á meðan sundnámskeiði stendur í haust.

Unglingastig Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla

Haustönn 2019

Námsgreinar: samþætting; samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni og íslenska

Tímabil: September og október 2019

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir	
Læsi	Hugtök, miðlun hugmynda, ritun, úrvinnsla heimilda, fjölmiðlalæsi. Nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
Heilbrigði og velferð	Allir fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Með því að gefa áhugasviðum nemenda rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.
Jafnrétti	Nemendur hafi rödd og fái að rækta hæfileika sína á eigin forsendum.
Sjálfbærni	Nemendum gert kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur hafa rödd og fá að velja sér viðfangsefni. Þeir þekki grundvallarréttindi barna og fullorðinna í íslensku samfélagi sem og á alþjóðavísu.
Sköpun	Verkefnin byggja á gagnrýninni hugsun, ígrundun og frumkvæði í vinnu. Afrakstur þeirra er kynntur í samræmi við val nemenda í þeim efnum.

Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í:

- Að búa á jörðinni.
- Lífsskilyrði manna.
- Náttúra Íslands.
- Heilbrigði umhverfisins.
- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Viðfangsefni	Að búa á jörðinni og lífsskilyrði manna. Flóttafólk, hlýnun jarðar, (bráðnun jökla, skógareldar, flóð, fellibyljir og aurskriður)
Námsefni	Um víða veröld - heimsálfur, Um víða veröld - jörðin, Maður og náttúra, Verður heimurinn betri? Kennslustundir og leiðbeiningar á www.un.is/skolavefur
Hæfniviðmið/Markmið	Að nemandi geti: - tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvíst og flókið. - unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúru- og samfélagsgreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi og samfélagi - gefið skýringar á og rætt valið efni úr athugunum og heimildum - tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta - útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar
Mat	Símat á virkni nemenda, leiðsagnarmat og sjálfsmat (notast við padlet)

Starfsáætlun

Gefin var út starfsáætlun fyrir þetta skólaár. Í henni var að finna allar helstu upplýsingar um hvernig skólahald myndi fara fram en þó vantar upplýsingar um innra mat skólans og sú vinna er hafin.

Uppbrot í skólastarfinu

Í Grunnskóla Raufarhafnar hafa skapast hefðir um ýmsar uppákomur og hátíðir. Verður þeim gert nánari skil hér að neðan. Ýmislegt óvænt kemur þó alltaf upp á hverju ári, sumt með löngum fyrirvara en annað með afskaplega stuttum. Verður þeim viðburðum jafnframt gerð skil.

Skólasetning

Skólinn var settur 30. ágúst. Tveir nýir nemendur hófu nám við skólann; annar í 1. bekk en hinn í 5. bekk.

Göngum í skólann

Grunnskóli Raufarhafnar tók þátt í verkefninu „Göngum í skólann“ í september, en við höfum verið þátttakendur frá upphafi. Allir nemendur eru hvattir til að ganga eða



hjóla í skólann og er það skráð niður. Síðan eru unnin ýmis verkefni, t.d. lögð saman vegalengd sem gengin hefur verið á tímabilinu.

Ábyrgðarstörf

Nemendur yngsta stigs velja völdu sér ábyrgðarstarf í hverri viku til að æfa sig í að bera saman ábyrgð á aðstæðum og líðan okkar hér í skólanum. Þeir nemendur sem velja lestrarhestinn og fræðarann þurfa aðeins að undirbúa sig heima. Kynningarnar eru yfirleitt á föstudögum. Glasa- og ávaxtagúrú, fræðari og lestrarhestur voru vinsælustu hlutverkin hjá börnunum en einnig oft að vera fræðari vikunnar sem fól í sér að þau tóku að sér kynningu á efni sem þau ákváðu að fjalla sérstaklega um. Það gat verið gæludýr heimilisins, áhugamál, fjölskyldan og heimilið og hvaðeina sem þeim datt í hug. Þarna var mikil sköpun í gangi og einnig fengu nemendur þjálfun í að koma fram fyrir aðra, tjá sig og taka við fyrirspurnum.

Ábyrgðarstörf -

Glasa- og ávaxtagúrú - Fer með notuð glös í eldhúsið og þvær þau einu sinni í viku. Nær í ávexti eftir mat.

Umhverfisvörður Fylgist með flokkun og fer út með ruslapoka. Losar rusl í lok viku.

Lestrarhestur - Ákveður lestraráskorun fyrir sig og kynnir bók sem hann hefur lesið.

Vávörður - Athugar að stofan sé snyrtileg, allt sett á sinn stað og gólfið laus við óþarfa hættur.

Tímateljari - Skiptir um dagsetningu á dagatalinu og merkir við réttan dag. Stillir klukku þegar þess þarf. Athugar hvort dagsetningin sé oddatala eða slétt tala.


Fatavörður - Athuga umgengni í fatahengi.

Lífvörður - Vökvar plönturnar einu sinni í viku.

Hvatningarleiðtogi - Er jákvæður og hvetjandi. Hrósar öðrum fyrir að leggja sig fram.

Góðverkasnillingur Byður öðrum ýmis konar aðstoð.

Fræðari - Fræðir hina um eitthvað sem hann hefur áhuga á með bók, mynd, texta eða eigin frásögn.



Grænn dagur haustsins

Nemendur ásamt kennurum fóru í kartöflugarðinn í byrjun október til að taka upp kartöflur sem settar eru niður að vori. Að þessu sinni var uppskeran afar rýr og ekki nema 3-4 kg sem fengust. Skýrist það að mestu leyti af óhagstæðu veðri í sumar. Kartöflurnar eru nýttar í mötuneyti skólans.

Listafólk í heimsókn

Þann 19. september bauð Þjóðleikhúsið grunnskólunum á Raufarhöfn, Þórshöfn og Öxarfjarðarskóla upp á farandsýningar sem haldnar voru í Hnitbjörgum. Um var að ræða annars vegar sýninguna „Ómar orðabelgur“ sem sérstaklega var ætluð yngri nemendum þar sem fylgst var með Ómari orðabelg í leit að uppruna orðanna. Hins vegar var sýningin „Velkomin heim“ fyrir nemendur unglingastigs þar sem leikkonan María Thelma Smáradóttir sagði sögu móður sinnar, fjallar um líf hennar í Taílandi og reynslu hennar þegar hún kom fyrst til Íslands fyrir 26 árum. Dagurinn var einnig nýttur í sundkennslu og annað nám með nemendum Öxarfjarðarskóla.

1. des hátíðin

Hefð hefur verið fyrir því að nemendur haldi upp á fullveldisdaginn með aðventuhátíð þar sem foreldrum og velunnurum skólans er boðið til leiksýningar. Að þessu sinni varð að fella þennan viðburð niður vegna rafmagnsleysis og kulda í skólahúsnæðinu eins og áður hefur komið fram. Nemendur voru þó búnir að æfa leikverk sem átti að sýna.

Jólabema

Í desember leggja nemendur frá skólabækurnar í tvo daga og föndra, útbúa jólakort og sú hefur einnig skapast að skera út laufabrauð. Nemendur föndruðu lítillega en skáru ekki út laufabrauð að þessu sinni því eins og áður segir, varð að aflýsa litlu jólunum þar sem loka þurfti skólanum viku fyrr en áætlað var vegna rafmagnsleysis og kulda.

Bolludagur – Öskudagur

Kvenfélagið Freyja gefur öllum nemendum í grunnskólanum rjómaþellur á bolludag og óhætt að segja að nemendur séu himinlifandi með þessa gjöf. Á öskudag mega nemendur koma grímuklæddir og að þessu sinni var lauk kennslu rétt fyrir hádegi og þá fóru nemendur að syngja í fyrirtækjum. Síðar um daginn fóru fulltrúar frá foreldrafélaginu Velvakanda með nemendur til Kópaskers þar sem grímuballi var slegið upp fyrir leik-og grunnskóladeildir Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar.



Covid-19

Í mars kom í ljós að skólastarf yrði víðast hvar með skertum hætti vegna heimsfaraldursins Covid-19. Þetta hafði meðal annars í för með sér niðurfellingu viðburða s.s árshátíðar og lokun íþróttamannvirkja, einnig stöðvun kennslu milli skólastofnana. Þess vegna var allt samstarf slegið af milli Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar frá og með 16. mars til skólaloka í Öxarfjarðarskóla þann 13. maí. Ætlunin er að hefja sundnámskeið strax næsta haust með heimsóknum til skiptis, þannig að farið verði einu

sinni í viku í Öxarfjarðarskóla og nemendur þaðan komi einu sinni í viku til Raufarhafnar meðan á sundnámskeiði stendur og þá um leið unnið að sameiginlegum verkefnum, s.s. þróunarverkefni Sprotasjóðs sem snýst um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Grænn dagur vorsins

Síðasta skóladag, 29. maí, settu nemendur leik- og grunnskóla ásamt starfsfólki niður kartöflur í skólagarðinn. Einnig var hugað að trjáplöntum sem settar hafa verið niður síðustu árin, en það þurfi að reyta sinu og gras og klippa dauðar greinar. Að þessu loknu var pizzuveisla í skólanum.



Skólaslit

Skóla var slitið 29. maí í sal skólans. Skólastjóri fór yfir starfsemi skólaársins sem var með eindæmum sérstök á svo margan hátt. Að þessu sinni var einungis foreldrum og nemendum boðið að taka þátt í skólaslitum vegna takmarkana á samkomuhaldi. Í lokin sá foreldrafélagið um að grilla hamborgara, boðið upp á kaffi og kökur og svo skundað í Pallabrekku þar sem búið var að koma fyrir froðurennibraut í samstarfi við slökkvilið staðarins. Ungir sem aldnir tóku þátt í þessu stórskemmtilega verkefni.





Aðrar upptökur

Dillidagur

Ekki tókst að koma saman á dillidegi en þess í stað var ákveðið að reyna að gera eitthvað skemmtilegt á skólaslitum eins og kom fram hér að ofan.

Skólaferðir

Skólaferðalag til Akureyrar í nóvember. Farið var í sameiginlegt ferðalag með nemendum yngsta og miðstigs Öxarfjarðarskóla. Þar var farið á skauta, út að borða og í pizzuhlaðborð.




Skólaþróunarverkefni

Byrjendalæsi

Veturinn 2010-2011 hóf skólinn þátttöku í tveggja ára verkefni um byrjendalæsi og hefur kennsla á yngsta stigi einkennst af hugmyndafræði þess síðan þá. Markmið byrjendalæsis er að auka almenna lestrarfærni nemenda á fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar. Unnið er heildstætt með alla þætti íslenskunnar; tal, hlustun, lestur og ritun út frá gæðatexta. Jafnframt er lögð áhersla á að verkefni og kennsluhætti séu fjölbreyttir og að nemendur þjálfist í öguðum vinnubrögðum. Leitast er við að efla sjálfstæði nemenda og hæfni þeirra til samvinnu. Nemendur vinna bæði sjálfstætt, í pörum og í hópum. Lögð er áhersla á að nemendur læri út frá merkingarbærum textum, þ.e. unnið er með gæðatexta sem höfðar til barna. Byrjendalæsið hefur fest í sessi í Grunnskóla Raufarhafnar þannig að tæplega er lengur hægt að tala lengur um þróunarverkefni.

Helstu viðfangsefni vetrarins voru:

- *Haustrígning*
- *Hlustaðu á vindinn*
- *Arngrímur apaskott og fiðlan*
- *Kuggur – Blómkál*
- *Amazon frumskógurinn*
- *Ræningjar*
- *Tæland*
- *ABC-barnahjálpi*
- *Jólin fyrr og nú*
- *Hvað kosta jólin*
- *Hrafninn*
- *Skýin*



Grænfáninn

Grunnskóli Raufarhafnar fékk Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið þann 1. júní 2011 eftir að hafa stigið skrefin sjö sem skóli á grænni grein. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu í umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla.

Meðal fastra verkefna sem allir nemendur skólans taka þátt í er að setja niður kartöflur á vorin og taka þær upp að hausti, endurnýta pappír og önnur efni eins og hægt er, flokka fernur og útikennsla. Lífrænn úrgangur fer ýmist í dýrafóður eða í moltukassa sem er við skólann.

Kennsluhættir og námsmat

Kennarar skólans eru hvattir til að nota sem fjölbreyttastar kennslu- og námsmatsaðferðir. Lagt er upp með að kennsluhættir miðist við að gefa öllum nemendum kost á að nýta hæfileika sína og fá endurgjöf á vinnu sinni.



Vægi hefðbundinna prófa hefur minnkað og aukin áhersla er lögð á leiðsagnarmat og símat.

Heimanám

Heimanám er fyrst og fremst fólgið í lestri og hjá yngri nemendum má segja að lestur sé eina heimanámið enda er byggir læsi á þjálfun.

Fjarnám

Starfsfólk skólans hefur séð um yfirsetu í prófum sem námsfólk frá staðnum þurfa að þreyta á ýmsum tímum, t.d. frá Háskólanum á Hólum, Háskóla Íslands og hinum ýmsu framhaldsskólum.



6 Skólasel

Gæsla

Yngstu nemendum grunnskólans býðst að fara í gæslu í skólanum að skóladegi lýkur. Þar sem einungis var eitt barn á leikskólaaldri í haust, var ekki hægt að halda úti leikskólastarfi. Til að hægt væri að koma til móts við foreldra, bauðst vistun að skóla loknum, alla daga vikunnar frá kl. 13:10 til kl. 16:00. Gæslan miðast við starfstíma skólans og hefur starfsfólk skólans umsjón með nemendum.

7 Mötuneyti

Mötuneyti

Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann síðan snemma árs 2009 og þjónar það jafnt leik- og grunnskóladeild og starfsfólki. Boðið er upp á máltíðir alla daga vikunnar, frá mánudegi til föstudags. Einnig býðst nemendum að fá morgunverð á morgnana sem allir nýta sér.

Í mötuneyti skólans er þess kappkostað að bjóða nemendum upp á hollan og næringarríkan mat. Eftir hverja máltíð er boðið upp á ávexti eða grænmeti. Matseðill er sendur foreldrum með vikulegu fréttabréfi frá umsjónarkennara.

Í vetur var nemendum boðið að velja sér sinn uppáhaldsmat sem gjarnan var eldaður á föstudögum.

Matráður í ár var Erla Rut Þorsteinsdóttir.



8 Stjórnir og ráð

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Í skólaráði veturinn 2019-2020 sátu eftirfarandi:

Skólastjóri	Hrund Ásgeirsdóttir
Fulltrúar foreldra	Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir og Birna Björnsdóttir
Fulltrúi kennara	Olga Friðriksdóttir
Fulltrúi annars starfsfólks	Erla Rut Þorsteinsdóttir

Skólaráð fundaði einu sinni á skólaárinu, í apríl. Á fundi ráðsins var fundað um skóladagatalið 2020-2021 og var það samþykkt án athugasemda. Skólaráð hefur nú sett sér starfsáætlun þannig að fundað

verður bæði haust og vor um starfsáætlun, skóladagatal og fleira það sem fólk vill ræða sérstaklega er viðkemur skólastarfinu.

Foreldrafélagið Velvakandi

Á aðalfundi Foreldrafélagsins Velvakanda í september var skipuð ný stjórn og farið yfir verkefni vetrarins. Stjórnina skipa fulltrúar foreldra allra nemenda; Birna Björnsdóttir, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Patricia Mikulova og Nanna Steina Höskuldsdóttir.

Margir viðburðir eru fjáröflun fyrir ferðasjóð nemenda en alls ekki allir eins og t.d. grímuball á öskudag, jólaball og þrettándagleði. Eins og margoft hefur komið fram hér áður, setti bæði slæmt veðurfar og neyðarástand veirufaraldurs strik í reikninginn með starfseminu.

Í ár voru eftirtaldir viðburðir hjá foreldrafélaginu:

Veitingasala á Hrutadegi

Bíó sýningar í menningarviku

Sala á salernispappír og eldhúsrúllum

Jólaball

Þrettándagleði

Grímuball á öskudag

Foreldrafélagið greiddi stærstan hluta af dagsferð til Akureyrar.

Starf foreldrafélagsins er mjög mikilvægt fyrir skólasamfélagið þar sem foreldrar sameinast um að aðstoða börnin við að safna í ferðasjóð og tryggja að hægt sé að gera eitthvað skemmtilegt saman.

Nemendaráð

Ekkert nemendaráð starfaði við skólann þennan vetur, enda nemendur ungir að árum.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt [40. grein í lögum um grunnskóla](#). Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem og að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í nemendaverndarráði sátu Hrund Ásgeirsdóttir, skólastjóri, Sólveig

Mikaelsdóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir frá skólabjónustu Norðurbings og Ragnhildur Þorgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Nemendaverndarráð átti einn formlegan fund á skólaárinu og fjallaði þá um málefni einstakra nemenda.

9 Skýrsla um innra mat

Þar sem formlegu innra mati hefur ekki verið sinnt mörg undanfarin ár, var ákveðið að reyna að bæta úr því á þessu skólaári þó ekki væri nema í smáum stíl auk þess að taka saman helstu þætti sem þarfnast úrbóta.

Til stóð síðastliðið haust að ytra mat á vegum Menntamálastofnunar yrði framkvæmt í skólanum en því var frestað vegna fæðar nemenda og einnig vegna mögulegra breytinga á yfirstjórn skólans á komandi árum. Í skoðun er hjá Fjölskylduráði að sameina skólastjórn með einum skólastjóra yfir Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar. Það var kynnt á fundi sem Fjölskylduráð Norðurbings boðaði til með foreldrum bæði á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarskóla. Foreldrar beggja skóla tóku almennt vel í þessa hugmynd en foreldrar Grunnskóla Raufarhafnar hnykktu þó á því að nauðsynlegt væri að fá það staðfest skólastarf yrði áfram á Raufarhöfn og að foreldrar væru ekki í stöðugri óvissu um að skólastarf verði lagt þar af. Fram kom í máli fulltrúanna á fundinum að ekkert slíkt stæði til þannig að foreldrar þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því. Það er einnig mat skólastjóra eftir umhleypingasaman og erfiðan vetur að ekki sé hægt að færa skólastarfið alfarið frá Raufarhöfn vegna erfiðs veðurfars á Hólaheiðinni þegar gerir illviðri. Óvenju oft þurfti að fella niður þriðjudagsferðir í Lund vegna veðurs og ófærðar í vetur.

Ytra mats úttekt var gerð í Öxarfjarðarskóla og kjölfar hennar varð til umbótaáætlun sem horft verður til og unnið eftir í Grunnskóla Raufarhafnar, t.d. með framsetningu námsvísa (með grunnþætti menntunar að leiðarljósi), samþættingu námsgreina, áætlun um innra mat o.fl. Með tilkomu endurskoðaðrar skólastefnu verður innleiðing hennar í gegnum innra mat skólans. Skólanámskrá hefur ekki verið uppfærð síðan 2014 þannig að stór hluti þess sem unninn verður skv. umbótaáætlun er það sem skólanámskráin inniheldur.

Eins og áður sagði var ákveðið að fara í innra mat í smáum stíl þetta árið þannig að foreldrakönnun var lögð fyrir í mars um skólastarfið og samskipti. Einnig voru spurningar lagðar fyrir nemendur varðandi líðan og skólastarfið.

Foreldrakönnun

Eftirfarandi spurningar voru sendar foreldrum rafrænt í gegnum *Survey Monkey*:

1. *Hvernig metur þú upplýsingaflæði almennt frá skólanum?*
2. *Hvernig mætir skólinn áhuga og þörfum barns þíns?*
3. *Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?*
4. *Telur þú að barnið þitt fái nám við hæfi?*
5. *Hvernig finnst þér samstarf skólans og heimilanna vera?*
6. *Finnst þér skólinn taka tillit til óska þinn og athugasemda?*
7. *Finnst þér sýn og stefna skólans skýr?*
8. *Nefndu 3-5 atriði sem þér finnst góð við skólann*
9. *Nefndu 3-5 atriði sem þér finnst að mættu fara betur*

Þar sem fáir foreldrar voru að baki þessum svörum verður ekki farið út í að lista upp nákvæm svör en heilt á litið eru foreldrar ánægðir með skólastarfið, upplýsingaflæði og samstarf milli heimilis og skóla. Einnig telja foreldrar að barni þeirra líði nokkuð vel eða mjög vel í skólanum.

Þegar beðið var um 3-5 atriði sem eru góð við skólann voru svörin á þá leið að samstarf við kennara og starfsfólk auk góðrar aðstöðu væru kostur. Þá var talað um kosti fámenns skóla þannig að hver og einn einstaklingur fái góðan tíma með kennara sínum, vel hlúð að nemendum, gott mötuneyti, gott húsnæði og persónuleg samskipti.

Þau 3-5 atriði sem foreldrum fannst mættu fara betur voru helst að leikskóla vantaði, auka áherslu á hreyfingu, útikennslu og meira samstarf á báða bóga (við Öxarfjarðarskóla).

Nemendakönnun

Þar sem nemendur við skólann voru ungir að árum, fengu þeir könnun þar sem þeir gátu merkt við „tjákn“ eða broskalla til að segja hug sinn varðandi þau atriði sem spurt var um. Þess ber að geta að dagsformið skiptir máli þegar spurningum sem þessum er svarað, þ.e. að nemendur séu ekki í uppnámi vegna einhvers sem gerðist í samskiptum eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á svörun

þeirra.

Nemendakönnunin leit svona út:

1. – 5. bekkur:

Nafn: _____

Skrifaðu X í viðeigandi reit			
Mér finnst gaman í skólanum			
Ég vinn vel í tímum			
Ég tek þátt í verkefnum			
Ég tala mikið í tíma án leyfis			
Ég geng vel um			
Ég er kurteis			
Ég vinn vel ein(n)			
Ég vinn vel með öðrum			
Ég tek tillit til annarra			

Í hverju gengur þér vel í skólanum og af hverju? _____


Hvað getur þú gert betur í skólanum? _____

Helstu styrkleikar þínir: _____

Samantekt

Af þessum könnunum má helst lesa það út að bæði nemendur og foreldrar eru almennt sáttir við skólann og starfið. Fámennið getur bæði verið gott og slæmt. Kostir þess eru einna helst þeir að nemendur fá mjög góða þjónustu í skólanum þar sem kennarar þekkja þá persónulega mjög vel og einnig er náið samstarf við foreldra sem er mjög umhugað um að skólastarfið gangi vel og að börnum þeirra vegni vel og líði þar vel. Foreldrar átta sig einnig á því hversu mikilvægt það er að samstarf skólanna gangi vel og virki í báðar áttir, þ.e.a.s að nemendur nágrannaskólans komi einnig til Raufarhafnar í heimsóknir og samstarf við ýmisskonar verkefni.

Erfitt hefur verið í gegnum tíðina að fá menntaða kennara til starfa við skólann og einnig í list- og verkgreinar auk íþróttar. Þess vegna var brugðið á það ráð að fá þá þjónustu í samstarfi við Öxarfjarðarskóla sem hefur tekið vel á móti nemendum síðastliðin ár. Þar fá nemendur Grunnskóla Raufarhafnar einnig tónmennta- og tónlistarkennslu. Félagslegi þátturinn í samstarfinu hefur einnig mikla þýðingu.



Umbótaáætlun

Skólaárið 2020-2021 verður unnið að umbótum tengdum námsvísunum þar sem grunnþættir menntunar verða fléttaðir inn í þá. Þá mun einnig hefjast vinna við innleiðingu nýrrar skólastefnu sem verður fléttuð innra mati skólans. Kannanir verða einnig gerðar hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum þar sem skoðuð verða samskipti og líðan. Á næsta skólaári verður sett upp umbótaáætlun til næstu þriggja ára.

10 Foreldrar og skólastarfið

Í Planinu, námskrá skólans, stendur eftirfarandi um foreldrasamstarf:

„Markmið skólans er að efla samvinnu starfsmanna skólans og foreldra til þess að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila. Stefnt er að því að foreldrar verði sem best meðvitaðir um það sem er að gerast í skólanum, t.d. með því að halda úti öflugri heimasíðu. Kennarar og foreldrar hafa gjarnan samstarf um ýmsa þætti skólastarfsins, s.s. Dillidaga.“

Samstarf heimila og skóla hefur gengið vel enda upplýsingaflæði gott. Foreldrar eru meðvitaðir um hvað er að gerast í skólanum og fá send fréttabréf og tölvupóst þegar þörf er á. Heimasíða skólans er nokkuð virk þar sem sagt er frá því helsta sem gerist. Þar að auki er facebook síða fyrir skólann, þar sem einnig koma reglulega inn stuttar fréttir úr skólalífinu.

11 Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Grunnskóli Raufarhafnar nýtur ráðgjafar skólaþjónustu Norðurþings og Tröppu skólaþjónustu. Meginviðfangsefni þjónustunnar er að styrkja starfsmenn skólans með ráðgjöf um skólaþróun, skólanámskrárgerð, mat á skólastarfi og kennslufræðilegri ráðgjöf vegna almennrar kennslu og kennslu einstakra námsgreina.

Heimsóknir

Starfsfólk skólaþjónustunnar heimsótti okkur nokkrum sinnum í vetur en þó varð minna um heimsóknir en til stóð, sérstaklega vegna veðurs en einnig vegna Covid-19 í mars.

Námsráðgjöf

Leitað var til sérkennsluráðgjafa varðandi námsráðgjöf í vetur enda einungis um yngsta stig að ræða.

Heilsugæsla

Ragnhildur Þorgeirsdóttir skólahjúkrunarfræðingur sinnti hefðbundnum verkefnum á árinu. Hún kemur í skólann að jafnaði einu sinni í viku og þá býðst nemendum einnig að fá viðtalstíma hjá henni ásamt því sem hún sinnir fræðslu.

12 Heimasíða skólans

Heimasíða skólans var nokkuð virk í vetur þó hún sé frekar óþjál í notkun, sérstaklega varðandi myndbirtingar.

Tekið skal fram að foreldrar allra nemenda samþykktu að birta megi myndir af börnum þeirra á heimasíðu skólans. Ekki er um myndbirtingar að ræða á facebook síðunni.

Heimasíða skólans er: <http://grunnskoli.raufarhofn.is>